

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2020 verði kr. 1.621.644.675 samanborið við kr. 1.500.432.340 árið 2019. Gengi sem notað er í áætlun 2020 er EUR 136 og USD 121.

Rekstrartekjur	Áætlun 2020	Raun 2019	Raun 2018
Styrkir og framlög	1.048.425.859	904.901.964	1.804.905.364
Tekjur af landsleikjum	199.515.000	189.640.527	249.097.883
Sjónvarpsréttur	276.000.000	258.240.000	265.943.880
Aðrar rekstrartekjur	55.214.000	103.262.811	61.128.150
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	42.489.816	44.387.038	50.228.445
	1.621.644.675	1.500.432.340	2.431.303.722

Styrkir og framlög

Árið 2020 er gert ráð fyrir 721.166.109 mkr. frá UEFA í stað 450.308.967 mkr. árið 2019. Framlög vegna Þjóðadeildar UEFA skýra hækkun framlaga UEFA frá 2019 til 2020.

Árið 2019 hófst fjögurra ára styrkjatímabil FIFA. Árlegt framlag FIFA til rekstrar er 1 milljón USD og á tímabilinu fjármagnar FIFA verkefni fyrir 2 milljónir USD. Árið 2020 hefst nýtt fjögurra ára styrkjakerfi UEFA, HatTrick V. Árleg framlög UEFA til rekstrar eru 2.500.000 evrur, en gert er ráð fyrir að KSÍ fái í sinn hlut 2.365.000 evrur, þar sem það kemur m.a. til frádráttar að að Ísland tefli ekki fram landsliðum í Futsal. Á tímabilinu fjármagnar UEFA verkefni fyrir 4,5 milljónir evra, og þegar hefur verið gert ráð fyrir því að 1 milljón evra verði ráðstafað í mannvirkjasjóð KSÍ.

Gert er ráð fyrir að greiðslur milli ára frá Getraunum og ÍSÍ verði svipaðar á milli ára.

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði 122 mkr. árið 2020. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, búningasamningum og vörumerkjasamningum. Árið 2019 námu þessir styrkir 128 mkr.

Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að tekjur af landsleikjum hækki úr 189 mkr. árið 2019 í 199 mkr. 2020. Gert er ráð fyrir 70-100% miðasölu á 5 heimaleiki A landsliðs karla og inni í þeirri sölu er miðasala til samstarfsaðila KSÍ. Gert er ráð fyrir 10 mkr. tekjum vegna LED auglýsinga árið 2020, en rýmri réttur er á sölu auglýsinga á LED skilti við völlinn í heimaleikjum A karla í Þjóðadeildinni og einnig er gert ráð fyrir sölu auglýsinga á LED skilti á heimaleikjum A landsliðs kvenna.

Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir leiki A landsliðs karla til UEFA frá september 2018 til júní 2022 og er KSÍ skuldbundið til að leika 40 leiki (10 leiki á ári) á því tímabili, í undankeppni EM 2020, HM 2022, Þjóðadeildinni 2018 og 2020 og vináttulandsleiki. Greiðslan fyrir réttinn er 10 milljónir evra fyrir tímabilið 2018-2022. Gert er ráð fyrir jafndreifingu tekjufærslna.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 55 mkr. árið 2020 samanborið við 103 mkr. árið 2019. Skýringin á þessari sveiflu er að ekki er gert ráð fyrir tónleikahaldi og leigu húsnæðis til skólahalds árið 2020. Eftir standa tekjur af námskeiðum og mótum og réttindagreiðslur fyrir tölvuleiki.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2020 rúmar 42 mkr. Stærstur hluti rekstrartekna eru greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þess fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025. KSÍ vinnur nú hörðum höndum að því að ná samkomulagi við Reykjavíkurborg um að endurskoða samninginn í samræmi við ákvæði hans.

Rekstrargjöld

Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun starfsársins 2020 er ekki gert ráð fyrir þátttöku landsliða í úrslitakeppnum. Ef eitthvert af landsliðum Íslands vinnur sér sæti í úrslitakeppni á árinu verður lögð fram sérstök áætlun fyrir þau verkefni.

Gert er ráð fyrir hækkun á kostnaði landsliða á milli árána 2019 og 2020, úr 731 mkr. í 781 m. kr. (27 mkr. umspilsáhrif). Í fjárhagsáætlun er reiknað með að landslið Íslands leiki 88 leiki árið 2020 en árið 2019 léku liðin 94 leiki.

Ein af ástæðum þess að landsliðskostnaður er hærri árið 2020 miðað við 2019 er að þrátt fyrir færri leiki er fjöldi landsliðsferða sambærilegur. Leikjum hefur til dæmis fækkað í Norðurlandamótum U16 liðanna en lengd mótanna er sambærileg. Þetta er vegna viðmiðana UEFA um lágmarkshvöld á milli leikja. Þess ber einnig að geta að á rekstrarárinu er gert ráð fyrir 3 heimaleikjum í A deild Þjóðadeildarinnar, sem skilar auknum tekjum, en einnig er kostnaður við slíka leiki umtalsvert hærri en við hefðbundna leiki, sem birtist m.a. í fjölmiðlaaðstöðu og öryggisgæslu. Einnig má nefna að breytt fyrirkomulag leikdaga A landsliðs karla hefur valdið því að oftar þarf að taka leiguvél á milli leikstaða. Einnig veldur herra hlutfall keppnisleikja gagnvart vináttuleikjum A landsliða því að kostnaður hækkar vegna stigabónusa (keppnisleikir eru umtalsvert fleiri árið 2020).

Í sameiginlegum landsliðskostnaði eru m.a liðir eins búningar, þvottur, sjúkravörur, sjúkraskráningarkerfi KSÍ og kostnaður við heilbrigðismál, en framfylgd reglugerða UEFA um heilbrigðismál leikmanna landsliða eru kostnaðarsöm.

Kostnaður við landslið	Áætlun 2020	Raun 2019	Raun 2018
A landslið karla	372.241.588*	352.919.388	902.065.067
U-21 landslið karla	65.332.504	56.753.726	47.760.357
U-19 landslið karla	38.390.400	26.614.383	28.172.644
U-17 landslið karla	35.051.480	48.387.623	41.487.068
A-landslið kvenna	131.812.104	113.076.531	124.088.937
U-23 landslið kvenna	4.774.500		
U-19 landslið kvenna	38.849.640	40.007.735	29.968.007
U-17 landslið kvenna	39.461.200	40.330.187	38.024.700
Sameiginlegur landsliðskostnaður	21.000.000	25.258.765	24.249.996
Hæfileikamótun	34.442.000	28.301.704	23.750.568

*Í áætlun A landsliðs karla er reiknað með 27 milljón kr. vegna umspilsáhrifa.

Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður verði svipaður á milli ára, 218m. Helstu kostnaðarliðir eru dómaramál 175 mkr., Evrópukeppni félagsliða 5 mkr., og markaðs- og auglýsingakostnaður 5,5 mkr.

Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður hækki um 7 mkr. á milli árunna 2019 og 2020 úr 52 í 59 mkr. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn og ferðakostnaður. Kostnaður hækkar m.a. vegna nýrra þjálfaranámskeiða.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Í liðnum skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 17 fastráðnum starfsmönnum á skrifstofu. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að formaður stjórnar sé á launum á fjárhagsárinu, auk þess sem gert er ráð fyrir sumarstarfsmanni. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun starfsmanna á árinu, nema ef Ísland kemst á EM 2020 A landsliða karla.

Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður verði á árinu 2020 rúmar 227 mkr. og hækki úr 220 mkr. árið 2019. Hækkunin á milli ára skýrist af almennum launahækkunum, en gert er ráð fyrir 5,0% hækkun á launum á milli ára.

Gert er ráð fyrir því að skrifstofu- og rekstrarkostnaður lækki úr rúmum 68 mkr. árið 2019 í rúmar 62 mkr. 2020. Þar er gert ráð fyrir lækkun á milli ára í aðkeyptri sérfræðiaðstoð og fundakostnaði. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar er tölvukostnaður 20 mkr., ársþing 8,5 mkr., aðkeypt sérfræðiaðstoð 12 mkr., fundakostnaður 9,5 mkr., styrkir og framlög 3 mkr. og annar skrifstofukostnaður 3,1 mkr.

Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður hækki á milli ára, úr rúmum 23 mkr. 2019 í 25 mkr. 2020. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

Annar rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður lækki úr 11 mkr. 2019 í 10 mkr. 2020, en þar er um að ræða þróun á vinnuaðstöðu.

Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar lækki úr rúmum 103 mkr. 2019 í 95 mkr. 2020. Helsti kostnaðarliður við rekstur vallarins er launakostnaður. Aðrir kostnaðarliðir eru til dæmis öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.). Þá er sértalin umspilsaðgerð upp á 64 mkr. Undir þennan lið falla þær aðgerðir sem miða að því að gera völlinn leikhæfan í mars.

Framlög til aðildarféлага

Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarféлага verði 128,5 mkr. en var rúmar 120 mkr. árið 2019. Framlag KSÍ til barna-og unglingsstarfs er áætlað 60 mkr., greiðslur vegna leyfiskerfis rúmar 30 mkr., verðlaunafé móta rúmar 17 mkr. og þá er gert ráð fyrir að hlutur KSÍ vegna ferðapátttökugjalds hækki úr rúmum 6 mkr. 2019 í 12,6 mkr. árið 2020.

Lokaorð/samantekt

Að þessu sinni er lögð fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir 65 mkr. tapi. Helstu skýringar eru 91 mkr. kostnaður við umspil A landsliðs karla og aukinn kostnaður við rekstur Laugardalsvallar og landsliða.

Við gerð rekstraráætlunar 2020 var litið til rekstrar sambandsins til loka ársins 2023 og þær sveiflur sem einkenna rekstrarumhverfi sambandsins metnar. Það er markmið KSÍ að ná hagstæðari samningum við Reykjavíkurborg vegna reksturs Laugardalsvallar og lækka rekstrarkostnað.